

Ed. 173. Frumvarp til laga [106. mál]
um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku hjá Alþjóðabankanum í Washington.

(Lagt fyrir Alþingi á 82. löggjafarþingi, 1961.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka að láni hjá Alþjóðabankanum í Washington allt að 2 milljónum Bandaríkjadollara og endurlána þá fjárhæð Hitaveitu Reykjavíkur gegn ábyrgð Bæjarsjóðs Reykjavíkur og að öðru leyti með þeim skilmálum, sem ríkisstjórnin setur.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Bæjarstjórn Reykjavíkur hefur samþykkt að leggja hitaveitu í öll skipulögð byggðahverfi bæjarins vestan Elliðaáa, á árunum 1962—1965.

Samningar hafa staðið yfir undanfarið við Alþjóðabankann í Washington um lán til greiðslu á erlendum kostnaði við þessar framkvæmdir. Er ráðgert að hafa þann hátt á að ríkissjóður taki þetta væntanlega lán og endurláni það Hitaveitu Reykjavíkur gegn ábyrgð bæjarsjóðs.

Er með frv. þessu leitað heimildar Alþingis til umræddrar lántöku.